

Adolph Rosenkranz Bergsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Th. B. Lindals hrl., kr. 750.00.

Friðjón Bjarnason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Bjarna Bjarnasonar borgardómarafulltrúa, kr. 400.00.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurður Ólasonar hrl., kr. 400.00.

Lárus Hansson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrl. kr. 400.00.

Þorvaldur Jónsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrl. kr. 400.00.

Annar kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1944.

Nr. 66/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

og

Guðmundi Jóhannssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ölvun við akstur bifreiðar og fleiri brot á bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða Ólafs Kjartans Ólafssonar varðar við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 1. málgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Brot kærða Guðmundar Jóhannssonar varðar við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 40. gr. sbr. 38. gr. og 39. gr. bifreiðarlaga nr. 23 frá 1941. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00 til hvors, greiði kærðu in solidum.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærðu, Ólafur Kjartan Ólafsson og Guðmundur Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. apríl 1944.

Ár 1944, þriðjudaginn 18. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 896—897/1944: Valdstjórnin gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni og Guðmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Ólafi Kjartani Ólafssyni verkamanni, til heimilis á Hverfisgötu nr. 83 hér í bæ, og Guðmundi Jóhannssyni blikksmið, til heimilis á Hringbraut 158 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og bifreiðalögum nr. 23/1941.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögdalur sakamanna. Kærði Ólafur Kjartan er fæddur 25. júlí 1914 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum, öllum í Reykjavík.

1927 $1\frac{3}{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotspjófnaði. Afgreitt til dómara.

1933 $1\frac{8}{11}$ Dómur lögregluréttar, 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1934 $2\frac{8}{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.

1934 $1\frac{4}{3}$ Dómur aukaréttar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotspjófnað, og in solidum 150 kr. skaðabætur.

1934 $2\frac{4}{3}$ Dómur sama réttar, 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögum og ósvifni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $2\frac{2}{2}$ 1935.

1934 $2\frac{0}{10}$ Dómur hæstaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 kr. sekt fyrir brot gegn 6. sbr. 30. gr. áfengislaganna.

1934 $\frac{5}{12}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir slagsmál.

- 1935 $\frac{1}{6}$ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.
- 1935 $\frac{7}{8}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.
- 1936 $\frac{9}{10}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
- 1936 $\frac{3}{12}$ Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna, og 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaganna.
- 1937 $\frac{1}{6}$ Dómur löggluréttar, 1000 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{2}$ 1938.
- 1937 $\frac{2}{11}$ Dómur sama réttar, 300 kr. sekt og sviptur ökuskirteini ævilangt fyrir ölvun við bifreiðaaakstur. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{6}$ 1938.
- 1938 $\frac{1}{4}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. reglug. nr. 105/1936 um skotvopn o. fl.
- 1938 $\frac{3}{8}$ Dómur löggluréttar, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 króna sekt fyrir brot gegn 15. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{2}$ 1938.
- 1938 $\frac{2}{8}$ Kærður af Mariu Guðmundsdóttur fyrir árás. Visað til barnaverndarnefndar til athugunar.
- 1938 $\frac{1}{6}$ Dómur löggluréttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2200 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{2}$ 1938.
- 1940 $\frac{1}{4}$ Dómur löggluréttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3000 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{5}{4}$ 1940.
- 1940 $\frac{1}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $\frac{2}{2}$ Sátt, 250 kr. sekt fyrir líkamsárás og 109 kr. skaðabætur í sama máli.

Kærði Guðmundur er fæddur 16. apríl 1907 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1928 $\frac{1}{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1931 $\frac{1}{12}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1933 $\frac{2}{11}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögglubrot.
- 1936 $\frac{1}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{9}{10}$ Kærður fyrir þjófnað. Látið falla niður.
- 1936 $\frac{2}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{1}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
- 1937 $\frac{2}{4}$ Sömuléiðis.
- 1937 $\frac{2}{8}$ Kærður fyrir peningþjófnað. Látið falla niður.
- 1940 $\frac{1}{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1942 2% Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1943 % Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og svipting ökskirteinis í 3 mánuði fyrir brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.

Samkvæmt eigin játningu kærðu og því, sem á annan hátt er sannað í málinu, eru málavextir þessir:

24. f. m. voru kærðu staddir í Nýju blikksmiðjunni í Höfðatúni hér í bæ. Kærði Guðmundur, sem var ölvaður, var með bifreið sína, R 892, og bað hann kærða, Ólaf Kjartan, að aka sér í henni inn að Miðtúni. Kærði Ólafur Kjartan varð við þessu, og fóru þeir þar inn í hús eitt. Kærði Ólafur Kjartan var með fulla flösku af sherry, og drukku þeir af henni inni í húsinu, en héldu síðan upp að Baldurshaga í áðurgreindri bifreið. Kærði Guðmundur var með hálfra flösku af sherry, og höfðu þeir tæmt úr báðum flöskunum, er þeir komu að Baldurshaga. Þá kærði Ólafur Kjartan boð kærða Guðmundar að drekka einnig af hans flösku á leiðinni að Baldurshaga.

Eftir nokkra stund héldu þeir aftur til Reykjavíkur í bifreiðinni, og voru þá báðir orðnir drukknir. Þeir héldu fyrst að Nýju blikksmiðjunni og dvöldu þar nokkurn tíma, en héldu svo suður á Laufásveg, þar sem stúlka kom í bifreiðina. Þaðan óku þau þrjú suður í Skerjafjörð og víðar um bæinn. Þau héldu svo með kærða Guðmund heim til hans að Hringbraut 158, þar sem lögglumenn komu að þeim.

Kærði Ólafur Kjartan ók bifreiðinni í þetta skipti og viðurkennir hann að hafa verið undir áhrifum áfengis frá því að hann ók bifreiðinni frá Baldurshaga þar til lögglumennirnir tóku hann fastan. Bifreiðinni ók hann samkvæmt beiðni kærða Guðmundar. Kveðst kærði Guðmundur hafa vitað, að kærði Ólafur Kjartan var undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, en haldið að hann hefði bifreiðarstjóraréttindi.

Kærði Ólafur Kjartan hefur með því að aka bifreið ölvaður, eftir að hann hefur verið sviptur bifreiðarstjóraréttindum, gerzt brotlegur gegn 21. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. og 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 15 daga.

Kærði Guðmundur hefur með því að veita bifreiðarstjóra áfengi, þegar hann var að starfi sínu, og leyfa ölvuðum manni stjórn bifreiðar sinnar brotið gegn 21. gr. áfengislaganna og 33. gr. og 2. mgr. 40. gr. bifreiðalaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber að svipta kærða Guðmund bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum. Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Ólafur Kjartan Ólafsson sæti fangelsi í 15 daga.

Kærði Guðmundur Jóhannsson sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærði Guðmundur skal sviptur bifreiðastjórarréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júní 1944.

Nr. 121/1943. Valdstjórnin (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Andrésí Magnúsi Andrésyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Áfengislagabrot og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn létu lækni ekki taka blóð úr kærða til rannsóknar, sbr. 23. gr. laga nr. 23/1941.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Andrés Magnús Andrésen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Garðars Þorsteinssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.